

Miðvikudaginn þann 14. Ágúst var haldinn fundur á vegum SASS um áhuga og möguleika sveitarfélaga á suðurlandi til að gera sameiginlegt svæðisskipulag á hálendinu. Mættir voru tveir fulltrúar frá flestum aðildarsveitarfélögum á svæðinu. Frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi mættum við Ingvar. Gísli og Ásgeir frá Steinsholti/Eflu stýrðu fundinum. Farið var yfir ástæður þess að SASS leggur aftur af stað í þá vegferð að koma í gang vinnu um svæðisskipulag sunnlenskra sveitarfélaga. Fyrir örfáum árum var lagt af stað í svipaða vegferð en þá var reyndar allt suðurland undir, hálendi og láglandi. Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á þessum stutta tíma í skipulagsmálefnum svæðisins utan sterkrar tilhneiingrar hjá ríkisvaldinu til að ráða málefnum hálendisins og þar með skipulagsmálum þess. Bröltið í kring um hálendisþjóðgarð er þar fyrirferðamikilið. Ekki var að heyra á öðru en að fundarmenn væru jákvæðir fyrir að taka upp umræðuna um svæðisskipulag miðháhendising. Ákveðið var að halda annan fund í byrjun september. Þar verður líklega sett saman tillaga um svæðisskipulag.

Er ekki rétt að kynna málið á fundinum?

Kveðja

Skafti